

BÚSETA Í SVEIT

AÐ HEFJA GARÐYRKJU

Rafrænn vegvísir fyrir nýliða

Þessi vegvísir er ætlaður til að leiða þig skref fyrir skref gegnum umsókna- og tilkynningaferlið við upphaf búrekstrar í garðyrkju. Einnig er hann ætlaður til að vísa þér á hvar upplýsingar og fróðleik varðandi garðyrkju er að finna á vefnum.

Í sumum tilfellum sérðu að líklegast er best að fá aðstoð ráðunautar við að sinna þeim umsóknum eða tilkynningum fyrir þig, svo þú getir varið tíma þínum í að byggja upp blómlegt bú.

2024 – útg. 1.1

AÐ HEFJA GARÐYRKJU

Ef tekinn er yfir rekstur er mikilvægt að meta ástand gróðurhúsa, búnaðar og aðstöðu með tilliti til ræktunarmöguleika. Ef byggt er frá grunni þarf að tryggja aðgang að hitaveitu, vatni til vökvunar og rafmagni miðað við umfang framleiðslunnar.

Við útiræktun þarf að huga að jarðvegsgerð, staðbundnu veðurfari og tryggja nægilegt landrými til skiptiræktunar. Forræktun matjurta krefst upphitunar og er því aðgengi að jarðhita æskilegt.

Gera þarf ráð fyrir aðstöðu til þvottar, pökkunar og kælingar á matjurtum. Heilbrigðiseftirlit á viðkomandi svæði veitir starfsleyfi til slíkrar pökkunar.

SKREF FYRIR SKREF

- ÞINGLÝSA KAUP-/LEIGUSAMNINGI**
[Sýslumenn -þinglýsing skjala](#)

Þínar glósur:

- SKRÁNING LÖGHEIMILIS**
Skráning lögheimilis á bújörð er mjög mikilvæg.
[Þjóðskrá -Tilkynna flutning](#)

- TILKYNNING TIL SKATTAYFIRVALDA, TIL LAUNAGREIÐENDASKRÁR STAÐGREIÐSLU / VIRÐISAUKASKATTSSKRÁR**
[Ríkisskattstjóri](#)

Tilkynna þarf ríkisskattstjóra um stofnun reksturs á kennitölu einstaklings eða fyrirtækis með því að sækja um virðisaukaskattsnúmer og láta skrá sig inn á launagreiðendaskrá eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hefst.

- RAFRÆN SKILRÍKI**
[Íslykill](#) og [rafræn skilríki](#) Veita aðgang að mikilvægum kerfum.

- KERFIÐ AFURÐ Á VEGUM MAR (MATVÆLARÁÐUNEYTISINS)**
[Kerfið Afurð](#) Umsóknir og tilkynningar á rafrænu formi. Íslykill og rafræn skilríki veita aðgang að kerfinu og þar þarf nýliði að standa skil á eftirfarandi atriðum.

Tilkynningu um :

- breytingu á umráðamönnum býlis*
- þátttöku í skýrsluhaldi*
- handhafaskráningu stuðningsgreiðslna í garðyrkju*

□ NÝSKRÁNING Á BÆNDATORG

- AÐGANGUR AÐ SKÝRSLUHALDSKERFUM – Skýrsluhaldskerfið **JÖRÐ**

Gott er að framkvæma nýskráningu á Bændatorg samhliða tilkynningu til MAR. Bændatorg má t.d. finna efst til hægri á forsíðunni á vef Bændasamtaka Íslands þar sem stendur „[Bændatorg](#)“. Einnig er hægt að komast þangað með því að slá [torg.bondi.is](#) í línuna fyrir vefsvæði í vafra þeim sem notaður er. Þegar smellt hefur verið á [Bændatorgið](#) á öðrum hvorum þessum stað er valinn möguleikinn „**Nýskráning**“. Sú skráning er gerð með rafrænum skilríkjum í gegnum „**Signet**“. Við nýskráninguna er einnig hægt að veita öðrum umboð með því að velja hnappinn sem á stendur „**Veita umboð hjá Signet**“. Eftir það getur hver sem fengið hefur slíkt umboð skráð sig inn með sínu auðkenni og valið hvaða umboð á að nota í innskráningarferlinu hjá Signet.

Inni á Bændatorgi er hægt að sækja um aðgang að skýrsluhaldskerfinu **Jörð** og fleiri slíkum kerfum ef þörf krefur. Til þess þarf að vera inni á svæði sem heitir „**Síðan mín**“ á Bændatorginu og smella á heiti viðkomandi kerfis inni í ramma sem nefnist „**Mín kerfi**“. Leiðbeiningar eiga að leiða umsækjendur áfram þar til skráð hefur verið umsókn um aðgang að kerfinu. Kerfin eru ekki opnuð fyrir en reikningur fyrir „**stofngjaldi**“ sem stofnast í heimabanka umsækjandans, hefur verið greiddur. Ef vandamál koma upp í umsóknarferlinu er hægt að hafa samband við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins – RML í síma 516-5000 og rml@rml.is til að leita aðstoðar.

Bændatorg er vefsvæði sem allir bændur eiga að geta fengið gjaldfrjálsan aðgang að. Þegar þeir hafa skráð sig þar inn, sbr. hér á undan geta þeir farið þaðan beint inn í þau skýrsluhaldskerfi, sem þeir hafa fengið aðgang að og tengd eru torginu, án þess að skrá sig inn í þau sérstaklega. Þegar búið er að opna ákveðið kerfi (t.d. www.jord.is) fyrir bónda er hægt að fara inn á Bændatorgið og velja kerfið sem ætlunin að vinna í með því að smella á heiti þess á stað sem heitir **Síðan mín**, sbr. hér á undan. Inni á torginu eru auk þessa ýmiss konar skilaboð og fréttir sem tengjast kerfunum. Einnig má þar finna rafræn skjöl ef ráðunautar hafa unnið einhver slík fyrir viðkomandi bónda..

□ SKÝRSLUHALD

Krafa er um að handhafar beingreiðslna og ræktunarstyrkja skrái ræktunina í skýrsluhaldsforritið [Jörð.is](#) sem er sérhannað skýrsluhaldsforrit fyrir ræktun, bæði úti og í gróðurhúsum.

Auk þess að vera skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum er skýrsluhaldið mikilvægt hjálpartæki bóndans við skráningu í ræktun. Fyrir búgreinina í heild veitir skýrsluhaldið mikilvægar tölulegar upplýsingar, t.d. um flatarmál í ræktun mismunandi tegunda, áburðarnotkun og notkun varnarefna.

Sótt er um aðgang að **Jörð** á Bændatorgi sbr. fyrr en einnig er hægt að leita aðstoðar hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

Ræktunarspildur eru hnitsettar og útbúin tunkort og gróðurhús eru forskráð í **Jörð** samkvæmt fasteignaskrá. Gert ráð fyrir að frameiðendur skrái ræktun jafnóðum og hún á sér stað. RML býður upp á aðstoð við skýrsluhald eða skráningu eftir eyðublöðum ef óskað er.

Úr 22. gr. reglugerðar um stuðning við garðyrkju:

Fullnægjandi skil á skýrsluhaldi.

Til þess að uppfylla skilyrði um fullnægjandi skýrsluhald þarf að skrá eftirfarandi upplýsingar í **Jörð**:

1. Nafn, kennitölu og heimilisfang framleiðanda, búsnúmer og landnúmer jarðar sem ræktað er á. ÍSAT-númer búrekstrar samkvæmt skráningu hjá RSK.
2. Virkt virðisaukaskattsnúmer búrekstrar.
3. Eftirfarandi upplýsingar um hvert ræktunarrými/spildu:
 - a. Nafn og/eða einkvæmt númer ræktunarrýmis/spildu.
 - b. Ræktun til manneldis, þ.e. útiræktað grænmeti, garðávextir, ylræktartegundir og sveppir.



- c. Tegund, yrki ræktunar og skiptingu garðávaxta í rótarafurðir eða afurðir ræktaðar ofanjarðar.
- d. Stærð ræktunarymis/spildu í fermetrum eða hekturum, eftir því sem við á.
- e. Ræktunartímabil/ræktunarár.

Dínar glósur:

Dagsetningu sáningar eða útplöntunar, eftir því sem við á.

- f. Uppskerutímabil.
 - g. Notkun alls áburðar (áburðargjöf).
 - h. Notkun á öllum plöntuverndarvörum, ef við á.
 - i. Heildaruppskeru í kg eða einingum, eftir því sem við á.
4. Ef um beingreiðslur B skv. III. kafla er að ræða:
- a. Fasteignanúmer gróðurhúss.
5. Ef um ræktunarstyrk skv. IX. kafla er að ræða:
- a. Hnitsetningu ræktunarspildu byggða á landupplýsingakerfi (LUK) sem byggir á stafrænu túnkorti. Kortið á að sýna nákvæmlega þær ræktunarspildur sem eru grundvöllur að styrkjum. Þegar metið er hvort túnkort er fullnægjandi skal byggja það mat á því hvort fagaðili hafi teiknað og mælt viðkomandi ræktun með viðurkenndum aðferðum

STUÐNINGSGREIÐSLUR Í GARÐYRKJU

Í meginatriðum er stuðst við Reglugerð nr. 1273 um stuðning við garðyrkju frá 16. desember 2020.

[Reglugerð um stuðning við garðyrkju](#)

Athugið að dagsetningar (skil, umsóknarfrestir) geta breyst með nýjum reglugerðum.

BEINGREIÐSLUR A

Tómatar, gúrkur, paprika. Sótt um 15. febrúar. Umsókn fylgir áætlun um framleiðslu. Framleiðsla er svo skráð mánaðarlega inn á [afurd.is](#) sem er skráningarkerfi hjá Matvælaráðuneytinu. Greitt er fyrir selt magn samkvæmt bókhaldi og deilist á heildarmagn frá öllum framleiðendum. Uppgjör frá framleiðendum er yfirfarið af löggiltum endurskoðanda og þarf að skila 15. febrúar árið eftir.

BEINGREIÐSLUR B

Aðrar matjurtir úr gróðurhúsum. Sótt um 15. febrúar. Greitt er fyrir m² af ræktunarymi og deilist á heildarflatarmál allra framleiðenda. Lágmarksræktunarflötur er 250m², ræktun skal vera að lágmarki í 9 mánuði á ári.

□ BEINGREIÐSLUR C

Niðurgreiðsla á flutningi raforku. Sótt um 15. febrúar, áætluð ársnotkun fylgir umsókn. Raunnotkun og flutningskostnaður samkvæmt reikningi er fært inn mánaðarlega á afurd.is. Fyrirfram ákveðin styrkfjárhæð deilist á heildar flutningskostnað allra notenda í garðyrkju.

□ LANDGREIÐSLUR OG RÆKTUNARSTYRKIR

Útiræktun grænmetis: Lágmarksstærð 0,25 ha. Hærri greiðslur fást fyrir matjurtir ofan jarðar, minna fyrir rótarávexti. Spildur, ræktun og uppskeru skal skrá í skýrsluhaldsforritið Jörð. Auk þess skal skrá áburðurnotkun og notkun varnarefna. Umsóknarfrestur er til 15. ágúst.

Önnur ræktun: Túnrækt, kornrækt eða önnur styrkhæf ræktun skal skráð í skýrsluhaldsforritið Jörð. Umsóknarfrestur vegna landgreiðslna og ræktunarstyrkja er 1. október.

Úr reglugerð:

Ár hvert auglýsir Matvælaráðuneytið eftir umsækjendum um framlög. Umsóknum skal skila inn í hið rafræna kerfi MAR, [Afurð](#), eigi síðar en **1. október** ár hvert vegna framkvæmda á yfirstandandi ári. Skilyrði fyrir veitingu stuðnings eru að eftirfarandi upplýsingar séu skráðar um hverja spildu í jarðræktarskýrsluhaldið Jörð:

1. Nafn og/eða númer spildu.
2. Hnitsetning spildu byggð á landupplýsingakerfi (LUK) sem byggir á stafrænu túnkorti. Túnkortið á að sýna nákvæmlega þær ræktunarspildur sem eru grundvöllur að styrkjum.
3. Ræktun, þ.e. gras, græn fóður, korn, olíujurtir eða útiræktað grænmeti.
4. Tegund og yrki, þegar sótt er um jarðræktarstyrk.
5. Stærð spildu í hekturum.
6. Ræktunarár, ef ræktað síðastliðin 5 ár.
7. Dagsetning sáningar, ef sótt er um jarðræktarstyrk.
8. Dagsetning uppskeru.
9. Dagsetning slátta.

Heildaruppskera í kg þurrefnis fyrir hverja spildu.

Heildaruppskeru í kg af útiræktuðu grænmeti.

Heildarfjöldi uppskorinna hektara, ef sótt er um landgreiðslur.

Sótt er um aðgang að **Jörð** á **Bændatorgi** sbr. fyrr.

[Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað](#)

□ NÝLIÐUNARSTUÐNINGUR

Matvælaráðuneytið (MAR) ráðstafar fjármunum til nýliðunarstuðnings. Markmið stuðningsins er að aðstoða nýliða við að hefja búskap og auðvelda ættliðaskipti í landbúnaði.

[Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað](#)

□ LÍFRÆN FRAMLEIÐSLA

Matvælaráðuneytið (MAR) ráðstafar þeim fjármunum sem ætlaðir eru til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum.

[Reglugerð um almennan stuðning við landbúnað](#)

AÐLÖGUNARSTYRKUR FYRIR LÍFRÆNA RÆKTUN

Samkvæmt búvörusamningi er greiddur styrkur til þeirra framleiðenda sem eru í vottunarferli undir eftirliti vottunarstofu. Nánari upplýsingar um umsókn um aðlögunarstyrk hér:

https://www.rml.is/static/files/RML_lifraent/adlogun_ad_lifraenum_buskap.pdf

PRÓUNARFÉ Í GARÐYRKJU

Umsóknarfrestur er tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október. Styrkir eru veittir til verkefna í ráðgjöf, kynningu, endurmenntun, rannsóknum og vöruþróun. Sérstök áhersla er lögð á tengingu verkefna við loftslagsmál. Sótt um rafrænt á eyðublaðavef stjórnarráðsins:

[Eyðublaðavefur Stjórnarráðsins](#)

Þínar glósur:

MATVÆLASJÓÐUR

Hlutverk [Matvælasjóðs](#) er skv. vef Stjórnarráðsins að styðja þróun og nýsköpun í framleiðslu og vinnslu matvæla og hliðarafurða úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Aðaláherslan er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla. Fyrirspurnir sendist á netfangið matvaelasjodur@mar.is. Flokkar sjóðsins eru fjórir, Bára, Kelda, Afurð og Fjár sjóður. Setja þarf í efnislínu í fyrirspurnarpósti hvaða flokki fyrirspurnin tilheyrir eða merkja hana þar með orðin „Almennt“.

ERLENDIR RÁÐUNAUTAR

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins sér um og skipuleggur heimsóknir erlendra ráðgjafa til garðyrkjubænda. Hér er um sérhæfða ráðgjöf að ræða, t.d. um lífrænar varnir í gróðurhúsum, útiræktun, kartöflur, ylræktað grænmeti og fleira. Bændur greiða hluta kostnaðar við þessar heimsóknir, en þær eru styrktar af þróunarfé í garðyrkju.

NÁM Í GARÐYRKJU

[Fjölbrautaskóli Suðurlands](#)

FJÁRMÖGNUN / REKSTRARÁÆTLUN

Lánastofnanir gera kröfu um rekstraráætlun til 5 ára við mat á lánamöguleikum. [RML](#) veitir ráðgjöf við gerð rekstraráætlana.

BÚREKSTUR / BÓKHALD

Til að fá aðgang að dk-búbót sem er bókhaldskerfi, sérhæft fyrir bændur, þarf að hafa samband við RML.

RML heldur úti þjónustu við notendur dk-búbótar og hér kemur fram hvernig haft er samband við þá þjónustu [Dk-Búbót](#).



TILKYNNINGA- OG UMSÓKNARFRESTIR Í TÍMARÖÐ:

| | | | |
|---|---|--|--|
| <p>15. febrúar - a</p> <p>Síðasti skiladagur áætlunar um flatarmál gróðurhúsa fyrir hverja tegund, áætlað framleiðslumagn, hvort raflýst er eða ekki, um hámarksorkuþörf og kostnað við dreifingu og flutning.</p> | <p>15. febrúar - b</p> <p>Síðasti skiladagur umsóknar um rétt til beingreiðslna.</p> | <p>15. febrúar - c</p> <p>Fyrsti gjalddagi beingreiðslna í garðyrkju ár hvert.</p> <p>(Síðan er greitt 1. dag hvers mánaðar vegna sölu og/eða orkunotkunar næstsíðasta mánaðar á undan ef tilskildum gögnum er skilað á réttum tíma.)</p> | <p>15. febrúar - d</p> <p>Síðasti skiladagur heildaruppgjörs fyrir nýliðið ár.</p> <p>Uppgjörið skal staðfest af löggiltum endurskoðanda.</p> |
| <p>1. apríl</p> <p>Umsóknarfresti um fjárfestingastuðning lýkur.</p> | <p>1. júlí</p> <p>Fyrri endurskoðun spár um framleiðslumagn fermetrafjölda sem ræktað er á.</p> | <p>15. ágúst</p> <p>Síðasti skiladagur umsóknar um jarðræktarstyrk vegna útíráktunar grænmetis, kartaflna og garðávaxta til manneldis.</p> | <p>1. október - a</p> <p>Síðari endurskoðun spár um framleiðslumagn fermetrafjölda sem ræktað er á.</p> |
| <p>1. október - b</p> <p>Umsóknarfresti fyrir jarðræktarstyrk og landgreiðslur lýkur, þetta gildir ef einnig er um að ræða kornrækt, grænfóðurrækt eða heyskap.</p> | <p>20. október</p> <p>Skilafrestur tjónaskýrslu vegna ágangs álfta og gæsa ef um slíkt er að ræða.</p> | | |
| | | | |